

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Ellisif Bjarnadóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 4. október 2022  
UST202209-041/A.B.  
10.04.02

**Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 - Bergstaðir, frístundabyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir Bergstaði, frístundabyggð.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir breyttri afmörkun frístundasvæðis (F84). Annars vegar er um að ræða stækkun svæðisins, í landi Bergstaða (L167202) um 6,5 ha og minnkar landbúnaðarland sem því nemur og hins vegar að fella niður um 20 ha frístundasvæði í landi Bergstaða (L167201), sem þá verður landbúnaðarland. Einnig eru felld niður tvö frístundasvæði F83 og F85, um 30 ha.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*